

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Norðurslóðanet Íslands – þjónustumiðstöð norðurslóðamála, nr. 1282/2012.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar er skipuð sex fulltrúum og þremur til vara. Stjórn stofnunarinnar skal skipuð með eftirfarandi hætti:

- 1) Einn fulltrúi Háskólans á Akureyri og stofnana sem honum tengjast.
- 2) Fjórir fulltrúar annarra opinberra mennta- og/eða rannsóknastofnana.
- 3) Einn fulltrúi aðila sem ekki tilheyra ofangreindum hópum.

Kosning aðal- og varamanna stjórnar fer fram á aðalfundi. Við kjör aðal- og varamanna í stjórn skal einfaldur meirihluti ráða. Kjörtímabil er eitt ár í senn.

Tveimur áheyrnarfulltrúum, annars vegar frá utanríkisráðuneytinu og hins vegar frá Eyþingi, sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, er heimilt að sitja fundi stjórnar án atkvæðisréttar.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Samþykki og undirskriftir allrar stjórnarinnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar veitir forstöðumanni stofnunarinnar umboð.

Stjórn ber í samráði við forstöðumann ábyrgð á að stofna til og eiga samskipti við fagråd sem samanstendur af fulltrúaráði stofnunarinnar. Hlutverk fagráðs er ráðgjöf í þróun og stefnu verkefnisins. Stjórn ber ábyrgð á því að upplýsa fagråd um verkefni stofnunarinnar og framvindu þeirra og að sjá til þess að sjónarmið fagráðs skili sér í stefnu og þróun stofnunarinnar.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Fjárhagslega skuldbindandi ákvarðanir skal ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Norðurslóðanet Íslands – þjónustumiðstöð norðurslóðamála staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 12. september 2018,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.